

## Umsögn ráðuneytisins - Ósk um framkvæmdarleyfi frá Langöldu að Tungnaá fyrir rafstreng og Ljósleiðara.

Til : Haraldur Birgir Haraldsson  
Frá : Regína Sigurðardóttir <regina.sigurdardottir@for.is>  
Heiti : Umsögn ráðuneytisins - Ósk um framkvæmdarleyfi frá Langöldu að Tungnaá fyrir rafstreng og Ljósleiðara.  
Málsnúmer : 2509017  
Málsaðili : Orkufjarskipti hf.  
Skráð dags : 23.09.2025 10:00:06  
Höfundur : Regína Sigurðardóttir <regina.sigurdardottir@for.is>

Góðan dag.

Forsætisráðuneytið vísar til erindis Rangárþings ytra frá 16.09., þar sem óskað er umsagnar við veitingu framkvæmdaleyfis vegna lagningar rafstrengs og ljósleiðararörs frá Langöldu að Búðarhálsi.

Orkufjarskipti hf. áforma að leggja rafstreng fyrir Landsvirkjun og ljósleiðararör fyrir Orkufjarskipti frá rafstreng við Langöldu að tengiskáp uppi á Búðarhálsi. Ástæða lagnarinnar er að tvítengja rafmagn á vinnusvæði Landsvirkjunar á svæðinu frá Sultartanga að Búðarhálsi og styrkja ljósleiðarakerfi Orkufjarskipta. Lögnin mun liggja um Landmannaafrétt L229508 frá afleggjara Langöldu að tengiskáp við Búðarháls.

Rafstrengur 11 kW og 20 mm rör verður plægt niður í jörðu, þó verður á nokkrum svæðum þar sem jarðvegur er mjög grófur að þarf að grafa. Við val og útstikun leiðarinnar var ekkert sem benti til þess að verið væri að fara um landsvæði með hugsanlegar fornleifar.

Plægingin verður framkvæmd með jarðýtu á flotbeltum og eins verður beltagrafa sem ferð á eftir og lokar plógarinu.

Öll ummerki framkvæmdarinnar á yfirborði verða lagfærð. Sáð verður í þau jarðvegssár sem verða í grónu landi og einnig verður lögð rík áhersla á vandaðan frágang þar sem strenglögnin þverar ár og læki. Ummerki muni hverfa að mestu á einu sumri í grónu landi, en á melum geta þau verið lengur að jafna sig.

Umrædd framkvæmd er innan Landmannaafréttar sem er þjóðlenda. Um þjóðlendur gilda lög nr. 58/1998. Leyfi ráðherra þarf fyrir nýtingu vatns- og jarðhitaréttinda, vindorku og fyrir hvers kyns aðgerðum og verkefnum sem miða að því að auka bindingu kolefnis eða draga úr losun kolefnis á svæði innan þjóðlendu sem skilgreint er fyrir slíka nýtingu lands í skipulagsáætlun hlutaðeigandi sveitarfélags skv. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998. Öll önnur nýting lands og landsréttinda í þjóðlendum eru háð leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar, þó þannig að sé nýtingin til lengri tíma en eins árs, þarf jafnframt samþykki ráðuneytisins skv. 3. mgr. 3. gr. sömu laga. Samþykki ráðuneytisins þarf til að nýta námur og önnur jarðefni innan þjóðlenda óháð tímalengd.

Ráðuneytið gerir ekki athugasemdir við að sveitarfélagið gefi út framkvæmdaleyfi vegna framkvæmdarinnar. Nauðsynlegt er að öll tilskilin leyfi sveitarfélagsins sem og að jákvæð umsögn frá Minjastofnun liggi fyrir áður en framkvæmdir hefjast. Í erindi framkvæmdaáðila segir að „*strenglögnin þverar ár og læki.*“ Ef þörf er á þverunarleyfi frá Vegagerðinni er mikilvægt að það liggi fyrir áður en til framkvæmda kemur. Ráðuneytið gerir kröfu um að sem minnst rask verði á landslagi, jarðvegi og á landi, að við frágang verði þess gætt að hafa yfirborð sem líkast aðliggjandi landi og að röskuð svæði verði mótuð í samræmi við landslag. Umgengi um svæðið skal vera til fyrirmyndar á meðan framkvæmdum stendur.

Virðingarfyllst, Regína Sigurðardóttir,

**Regína Sigurðardóttir, sérfræðingur / Specialist** Forsætisráðuneyti / Prime Minister's Office Skrifstofa fjármála / Department of Finance  
Stjórnarráðshúsinu, 101 Reykjavík, Iceland Sími / Tel: (+354) 545 8400 [www.stjornarradid.is](http://www.stjornarradid.is) / [www.government.is](http://www.government.is) - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

---

**Frá:** Haraldur Birgir Haraldsson **Sent:** þriðjudagur, 16. september 2025 07:50 **Til:** Regína Sigurðardóttir **Efni:** FW: Ósk um framkvæmdarleyfi frá Langöldu að Tungnaá fyrir rafstreng og Ljósleiðara.

You don't often get email from [birgir@ry.is](mailto:birgir@ry.is). [Learn why this is important](#)

Heil og sæl

Og enn ein til!

Ég óska eftir umsögn ykkar, takk.

Kv, Birgir

**From:** Guðbjörn Óskarsson <[Guðbjorn.Oskarsson@orkufjarskipti.is](mailto:Guðbjorn.Oskarsson@orkufjarskipti.is)>

**Sent:** 04.09.2025 07:31:20

**To:** Haraldur Birgir Haraldsson

**Subject:** Ósk um framkvæmdarleyfi frá Langöldu að Tungnaá fyrir rafstreng og Ljósleiðara.

Sæll Birgir

Við hjá Orkufjarskiptum óskum eftir framkvæmdaleyfi fyrir rafstreng og ljósleiðara frá Langöldu að rafmagns skáp Búðarháls (Ásahrepp) sendi þér gögnin í viðhengi

Kv. Guðbjörn Þór

Með kveðju / Best regards,

Með kveðju / Best regards,

**Guðbjörn Þór Óskarsson**

*Rafeindavirki · Electronic Engineer*

Sími / tel: +354 515 9706 · GSM / mob: +354 899 9713

[bubbi@orkufjarskipti.is](mailto:bubbi@orkufjarskipti.is)

image001.jpg

Krókhálsi 5c · 110 Reykjavík · Iceland

Sími / tel: +354 515 9700 · [orkufjarskipti.is](http://orkufjarskipti.is)